



//Á döfinni//



...: Árshátíð Laugalandsskóla ...

Hefur verið frestað og sjáum við til hvort eða hvenær við getum haldið hana.

...:Sameiginlega árshátíðin:...

Sameiginleg árshátíð skólanna í Rangárvallasýslu, auk skólanna á Klaustri og í Vík hefur verið slegin af.



...: Myndir á heimasíðunni ...

Við minnum á að á heimasíðu skólans má finna myndir úr skólastarfinu.



...: Framundan ...

6.-13. apríl - Páskafrí
14. apríl - Starfsdagur (frí)
23. apríl - Sumardagurinn fyrsti (frí)
1. maí - Verkalýðsdagurinn (frí)
18.-25.maí - Vorpróf
21.maí - Uppstigningardagur (frí)
26. maí - Vordagur
27. maí - Umhverfisdagur
28. maí - Skólaslit

// Fréttir frá Laugalandsskóla //

...: Skólastarfið þessa dagana ...

Skólahald gengur vel hjá okkur á Laugalandi, við aðstæður sem ekki eru kunnar áður í íslenskum skólum. Mánudaginn 16. mars síðastliðinn lögðust starfsmenn á eitt við að skipuleggja skólastarfið, undir nýjum formerkjum settum af stjórnvöldum. Þannig er kennt frá kl. 08.30 til 13.25, án hefðbundinna frímínútna, í staðinn fara nemendur út ásamt kennara til að kasta mæðinni. Þetta skipulag verður fram að páskafríi 3. apríl.

Áhersla er lögð á að forðast mögulegt smit með hæfilegri fjarlægð, skiptingu í hópa, sótthreinsun og að taka út þá hluti eða umhverfi sem aukið gæti smithættu.

Við höfum nú unnið eftir breyttu skipulagi þessa viku og gerum áfram, eins og fyrirmæli yfirvalda segja til um. Í flestum skólum landsins er nemendum skipt upp eftir dögum, en í Laugalandsskóla rúmast svo vel að allir nemendur geta mætt og notið kennslu á hverjum degi.

Til að uppfylla öll skilyrði um þrif og öryggi, er ekki skólastarf eftir kl. 13.25. Skólabílar ganga með sama hætti og áður. Sömu börn eru í sömu bílum. Ekki verður orðið við óskum um að börn fari með öðrum skólabíl úr skóla.

Nýja skipulagið gengur vel og námið líka. Við verðum vör við aukna samkennd og samstöðu. Skólinn leggur áfram upp með öflugt og gott skólastarf þar sem fjölbreyttum þörfum nemenda er mætt. Stemmning er góð á meðal nemenda og kennara. Þar sem einblínt er á, að allt á þetta eftir að taka enda.

...: List fyrir alla ...

Mánudaginn 24. febrúar fengum við skemmtilega heimsókn frá listamönnum á vegum Listar fyrir alla. List fyrir alla er verkefni sem ætlað er að miðla listviðburðum frítt til barna um land allt og hefur verkefnið verið í gangi í fjöldamörg ár.

Í ár var það verkið Heyrðu Villuhrafninn mig. Verkið er hljóðsaga um sögupersónurnar Fíu frænku og Dúdda sem lenda í miklum ævintýrum þegar þau leita að röddinni hans Dúdda. Inn í söguna er blandað fullt af skemmtilegum og áhugaverðum hljóðum, íslenskum þulum og lögum sem leikin voru á hefðbundin og heimatilbúin hljóðfæri.



...: Páskabingó :...

Páskabingó foreldrafélagsins sem halda átti föstudaginn 3. apríl verður **ekki haldið** vegna samkomubanns.



...: Páskafrí :...

Nemendur 1. –10. bekkja fara í páskafrí að loknum skóladegi þann 3. apríl.

...: Starfsdagur kennara :...

er þriðjudaginn 14. apríl. Nemendur mæta í skólann samkvæmt stundatöflu miðvikudaginn 15. apríl.



...: Stóra upplestrarkeppnin :...

Stóru upplestrarkeppninni hefur verið frestað og verður hún auglýst síðar. Undankeppni hefur farið fram í Laugalandsskóla. Þau Ellen Elsí Benediksdóttir og Kristinn Már Sigurðarson keppa og Sigrún Ísleifsdóttir er til vara.

Raddir, samtök um vandaðan upplestur og framsögn, standa fyrir keppninni.



...: Öskudagsskemmtun 1.-7. bekkjar :...

Föstudaginn 28. febrúar héldum við öskudagsskemmtun fyrir nemendur í 1. –7. bekk og heppnaðist hún einstaklega vel. Byrjað var á því að slá köttinn úr tunnunni. Nemendur skiptu sér í tvo hópa, yngri og eldri, og skiptust á að reyna að slá köttinn úr tunnunni. Það voru þeir Helgi Björn og Anton Óskar sem náðu að slá köttinn hvor úr sinni tunnu. Þegar kötturinn slapp úr tunnunni fengu allir nammipoka og að því loknu fór allur hópurinn í hinn klassíska ásadans. Skemmtuninni lauk með verðlaunaafhendingu fyrir skemmtilegustu og frumlegustu búninganna. Það var erfitt val fyrir dómnefndina, því húsið var fullt af flottum búningum.



...: Sund :...

Stefnt er að því að sundkennsla hefjist 30. mars nk. Við hvetjum foreldra til að huga að sundfötunum og er gerð krafa um sundboli og sundbuxur við hæfi hjá strákum. Eins er mjög gott að hafa sundgleraugu meðferðis.

